

49									
31. des.	a, innritunarskirteini	16500 kr.	„ a.					
1880.	b, konungleg skuldabrief	4200 —	„ a.					
	c, í sparisjóði Reykjavíkur	619 —	42 a.					
	d, í reiðum peningum	84 —	„ a.	21403	42			
					alls	22003	42		

Landshöfðinginn yfir Íslandi Reykjavík 31. desbr. 1880.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

50 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um arf handa fjarstöddum erfingjum. — Með því að arfur úr nokkrum dánarbúum hefir verið útlagður fjarstöddum erfingjum, sem ekki hafa mött nje mæta látið við skiptin, hafið þjer, herra landshöfðingi, samkvæmt ósk hlutadeigandi embættismanns, spurt, hvernig, þegar svo ber við, eigi að fara með arfinn, og hvort og hvernig reynt skuli að gefa hlutadeiganda til vitundar, að honum hafi hlotnast arfur, og teljið þjer það líklegt, að slíkt kunni optar að eiga sjer stað, þar sem á síðari árum heldur margt fólk hafi fluzt frá Íslandi til Vesturheims.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að í líkingu við lagaákvæðanir þær, sem gilda um meðferð á ómagafje, verður að skipa fjárráðamann til þess með umsjón hlutadeigandi yfirfjárráðanda að ráðstafa arfi, sem lagður er út fjarverandi erfingja, sem hvorki hefir mött nje mæta látið við skiptin. Það verður þá skylda slíks fjárráðamanns, þegar hann fær vitneskju um, hvar erfinginn sje niður kominn, að senda honum nauðsynlega skýrslu um hinn tilfallna arf. Hins vegar verður ráðgjafiinn að vera landshöfðingjanum samdóma um, að eigi sje nægileg heimild til að leggja á hið opinbera neinar skyldur í þessu efni, þar eð ganga verður út frá því, að skiptarjetturinn, meðan skiptin standa yfir, fullnægi skyldum sínum samkvæmt 14. gr. laga 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum, að grennslast eptir erfingjunum og gefa þeim sjerstaka skýrslu um mannslátið. Fjárforræðið verður að öðru leyti að standa þangað til að erfingi sá, er hlut á að máli, tekur sjálfur við stjórn fjárins, eða þangað til fjeð verður útlagt erfingjum hans, þegar heimild til þess er fengin, sbr. konungsbrjef frá 9. nóvbr. 1825, og skal þess jafnframt getið, að fjeð rennur til landssjóðs og ber að borga í hann, ef ekkert af því, sem að ofan er gjört ráð fyrir, á sjer stað fyrir lok þess tíma, sem lögin ákveða.

51 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sameining 2 kirkjusókna. — Eptir að ráðgjafiinn hafði meðtekið brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 13. október þ. á. og gjört út af því allraþegnsamlegustu uppástúngu hefir hans hátign konúnginum þóknast 13. þ. m. allramildilegast að fallast á, að leggja megi niður kirkjurnar á Höfða og Grýtubakka í Höfðaprestakalli og Suðurþingeyar prófastsdæmi í norður- og austurumdæmi Íslands, og að í staðinn fyrir þær verði byggð úy kirkja á jörðinni Svæði í nefndu prestakalli með þeim skilmálum, sem hjer greinir.

1. að kirkjur þær, sem nú eru í nefndu prestakalli á Höfða og Grýtubakka og áhöld (inventarium) þeirra, sem og sjóður sá, er Grýtubakka kirkja nú á, leggist til hinnar nýu kirkju. 51
30. des.
1880.

2. að sóknarmenn prestakallsins leggi sjálfir fram kostnaðinn, sem leiðir af smíði hinnar nýu kirkju, að svo miklu leyti, sem andvirði hinna nú verandi kirkna og sjóður Grýtubakka kirkju ekki nægir til þess.

3. að hin nýa kirkja verði höfð svo stór, að hún sje nægileg fyrir sóknarmenn alls prestakallsins, og að hún verði svo úr garði gjörð, að hún sje sæmilegt og veglegt guðshús fyrir söfnuðinn og

4. að eigandinn að Grýtubakka kirkju megi losa sig við þá kvöð, sem hingað til hefir hvílt á nefndri jörð, að svara árlegri prests mötu af eign sinni með 120 pnd. smjör, með því móti að hann afsali frá sjer til prestakallsins jörðinni Svæði, svo og greiði því í rikisskuldabryfum og reiðum peningum 650 kr. upphæð.

Þetta læt jeg ekki dragast hjer með þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun hreppstjóra. — Í þóknanlegu brjefi frá 23. nóv. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skotið því til ráðgjafans, hvort eigi skyldi semja frumvarp til laga um laun handa hreppstjórum til þess það yrði lagt fyrir alþingi í sumar komanda; skyldi frumvarp þetta samið eptir meginreglum þeim, sem þjer nákvæmar tækuð til, einkum þannig, að fernar launaupphæðir yrðu fastákveðnar hver um sig 100 kr., 80 kr., 60 kr. og 40 kr. og að helmingur launanna greiddist úr landssjóði, hinn helmingurinn úr jafnaðarsjóði hlutaðeigandi amts. 52
14. jan.

Þar eð nú hreppstjórnarnir, eins og þjer, herra landshöfðingi hafið tekið fram, verða að skoðast sem starfsmenn í þarfir sveitarfjelaganna (kommunale bestillingsmænd) virðist svo, sem gagnstætt væri rjettum grundvallarreglum að leggja á landssjóð að greiða þeim laun, og það því fremur, sem þeir ekki einu sinni eru fastir starfsmenn, en geta vikið úr þjónustunni eptir 3 ár. Ráðgjafanum þykir því viðsjárvert, að stuðla til að slík launalög sem þau, er þjer hafið stungið upp á, og sem íþyngja myndi landssjóði mjög mikið, fái framgang, en verður að ætla, að það sjeu þau sveitarfjelögin, sem hreppstjórnarnir starfa fyrir, sem eigi að greiða þeim þóknun fyrir starfa þeirra, að svo miklu leyti, sem það er nauðsynlegt.

En á hinn bóginn virðist ráðgjafanum að ástæða gæti verið til að reyna að útvega sýslunarmönnum þessum meiri tekjur með því, að endurskoða og breyta ákvörðunum þeim í aukatekjureglugjörð frá 10. sept. 1830 VIII. kap., sem veita hreppstjórum óhæfilega lítil laun fyrir að framkvæma þingleg störf, og með því að slík aðferð til að launa hreppstjórunum sýnist hvað öðru líður að vera samkvæmari ásigkomulagi starfa þess, er þeir hafa á höndum, en föst laun, vil jeg þjónustusamlega skora á yður, herra landshöfðingi, að endurskoða í nefndu skyni ákvarðanir aukatekjureglugjörðarinnar og síðan semja og senda hingað lagafrumvarp í þá átt, svo að það verði lagt fyrir alþingi.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um verðskrá lyfsala. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 4. nóvember f. á. um beiðni Krügers lyfsala í Reykjavík, er þjer endursenduð með sama brjefi, og sem hið 53
14. jan.